

Snjóflóðin miklu í Höfðahverfi í febrúar 1974

EGILL EGILSSON

Snjóflóð eru árviss í suðurhluta hins mikla fjallgarðs á milli Leirdals- og Flateyjardalsheiða á Austurskaga í Suður-Þingeyjarsýslu. Einkum er norðurhlíð Dalsmynnis illræmd fyrir þetta, og hefur komið fyrir að öll hlíðin á milli bæjanna Þverár og Skarðs hafi fallið fram í einu flóði, sem hefur eytt skógi, jafnvel upp eftir hlíð sunnan megin. Á milli þessara bæja eru um fjórir og hálfur kílómetri. Árlega falla flóð úr Grefilsgili á mörkum Hnjúka og Dalsmynnis. Úr Hnjúkunum sjálfum, sem snúa vestur af Höfðahverfi falla oft snjóflóð, en sjaldan niður til byggða, nema þau tvö sem fjallað er um hér. Í þeim, eða öllu heldur ofan þeirra og beggja vegna sunnan og norðan eru hamraskálar, þar sem flóðin eiga upptök sín. Þrjár þessara skála eru geysistórar, þ.e. nefnt Grefilsgil, Grýtuskál á norðurmörkum þessa svæðis, og ónefnd skál upp af bænum Lómatjörn, hér nefnd Lómatjarnarskál. Austur af þessum skálum er flati, um það bil tólf hundruð metra yfir sjávarmáli. Á bandarískum kortum gerðum eftir loftmyndum er allt að kvartferkílómetri í 1220 m hæð og yfir.

Þessi flóð ollu ekki teljandi tjóni. Hið syðra reif horn af sumarbústað í Stekkjardal ofan Lómatjarnar. Sama flóð hentist neðan úr Dýjadal upp á Litluflöt í Hléskógalandi og reif með sér langan kafla túngirðingar. Það endaði neðan vegar ekki langt frá tjörninni sem Lómatjarnarbær er kenndur við. Hið ótrúlega er að ytra flóðið (hið lengra á myndinni) olli engu tjóni, þótt það sleikti næstum veggri bæjarhúsa og heimarafstöðvar í Hléskógum.

Þetta flóð er ástæðan til þess að þessum flóðum eru gerð skil. Það virðist nefnilega einstakt að því leyti, að meðalhalli þess er varla meiri en um 18-20%, sem mun vera næstum einsdæmi. Þetta sést af því að athuga leið flóðsins.

Ekki sást greinilega til upptaka flóðsins í háfjöllum, en samkvæmt aðstæðum, þ.e. landslagi og

veðurlagi getur það varla hafa komið annars staðar frá en úr suðausturhlíð Grýtuskálar. Fyrirnefndur flati nær allt norðvestur undir brún skálarinnar, sem getur vart verið undir ellefu hundruð metrum. Efstu rætur flóðsins eru tæplega undir kílómetra hæð yfir sjó. Ef menn rekja sig eftir nákvæmu korti eða athuga hlutföll loftmyndarinnar, sést að lengd þess er fimm til fimm og hálfur kílómetri. En flóðið endaði í um tuttugu metra hæð yfir sjó. Samkvæmt þessu eru neðri mörk hallatölunnar 980/5500 eða um 18%.

Af myndinni sést að flóðið er tvískipt, og hefur meginhlutinn farið norðar og stöðvast nærri brún Leirdalsheiðar. Flóðið klofnaði um svonefndar Bungur, og hélt syðri hlutinn niður eftir Heiðarlág, sem er um eins kílómetra langur farvegur Grýtu. Sú á, sem kemur úr Grýtuskál hefur átt sér þrjá mismunandi farvegi eftir ísöld, þ.e. núverandi farveg niður til Gljúfurár, farveg niður hjá Grýtubakka, og Heiðarlágina niður til Hléskóga. Sá farvegur er augljóslega elstur. Það sem ræður úrslitum um lengd þessa arms snjóflóðsins er það hversu Heiðarlágin þrengir að. Flóð sem fær að breiðast út á flata (ytri armurinn) stöðvast, jafnvel þótt snjómagnt sé meira, heldur en ef að þrengir um langan veg, líkt og var um syðri arm þess.

Hitt snjóflóðið, úr nefndri Lómatjarnarskál, á sér upptök í um ellefu hundruð metra hæð og endar í um 5 m y.s. Meðalhalli þess er um 25%.

Veðurskýrslur benda eindregið til að þetta hafi gerst 3. febrúar.

Heimildarmenn:

Guðmundur Þórisson, Hléskógum,
Sverrir Guðmundsson, Lómatjörn og
Jón Óskarsson, Kolgerði.